

Stjórnarfundur ÍBA

Haldinn að Glerárgötu 26, 31.maí 2012 kl. 17.00



Mætt voru: Þröstur Guðjónsson, Haukur Valtýsson, Magnús Gauti Gautason, Margrét Ólafsdóttir, Ármann Ketilsson, Áslaug Kristjánsdóttir og Þóra Leifsdóttir framkvæmdastjóri.

Formaður bauð viðstadda velkomna

1. Tillögur frá ÍBA þingi.

Tillaga frá Óðni um skilyrði og skilgreiningu á Akureyrarmeisturum og metum var rædd. Eins og staðan er í dag halda félögin utanum skráninguna sjálf og sérsamböndin að einhverju leyti. Ákveðið var að ræða þetta frekar á næsta formannafundi þ.e. útfærsluna á skilgreiningunni og leggja fram eftirfarandi útfærslu:

„Til þess að met teljist Akureyrarmet þar viðkomandi methafi að vera skráður félagi í félagi á Akureyri. Ekki er talið nauðsynlegt að viðkomandi sé íslenskur ríkisborgari til að fá titilinn Akureyrarmeistari.“

Tillaga frá FIMAK um innheimtu æfingagjalda:

Sendar voru út spurningar til aðildarfélaganna um vandann við vanskil æfingargjalda en lítið barst af svörum. Athugað var um mögulega aðstoð hjá Akureyrarbæ og er hún fyrir hendi, sem foreldrar verða að sækja til fjölskyldudeildar, með tilheyrandi skýrslugerð. Samræmdar aðgerðir hjá félögum eru ekki fyrir hendi og ekki er talið að það sé hægt vegna mismunandi eðlis vandans, fjölda, upphæða og sv.frv.

2. Formannafundur.

Lagt var til að Erlingur S. Jóhannsson prófessor og deildarforseti íþróttá-, tómsunda og þroskaþjálfadeildar HÍ yrði með erindi um Hreyfingu íslenskra unglunga og brottfall úr íþróttum.

Ákveðið var að skora á aðildarfélögin að koma á fundinn og taka með sér gesti. Einnig að bjóða upp á veitingar.

3. Önnur mál.

Frá ÍRA barst tillaga varðandi afrekssjóð sem óskað var eftir tillögum og/eða athugasemdum við. Ákveðið var að senda ályktun frá stjórn um að upphæðir þættu of lágar í ferðastyrk, með tillögu um hærri upphæðir, kr.15.000 innanlands og kr.40.000 erlendis.

Upplýsingar hafa borist um nýtingu á tímum í íþróttamannvirkjum. Stefnt er á fund á miðvikudag í næstu viku með Erling og Nóa fulltrúum ÍRA til þess að fara yfir málið. Þröstur og Haukur eru fulltrúar ÍBA en aðrir stjórnarmenn velkomnir.

Varðandi eignir TBA, mál sem rætt var á síðasta stjórnarfundum. ÍSÍ mælist til að gerður verði skriflegur samningur um eignir TBA, að KA hafi afnot af eignum meðan félagið er ekki lagt niður og að eignirnar gangi aftur til félagsins ef samstarf hættir.

Boðað hefur verið til fundar með Íþróttanefnd ríkisins, sem ÍBA á fulltrúa í, 13.júní nk. Ellert Erlingsson sendi beiðni um mál til umræðu. Ákveðið var að Þóra geri lista yfir aðildarfélögin og aðstöðu þeirra.

Dagsetning á námskeiði fyrir fararstjóra hefur enn ekki verið ákveðin.

Rædd var aðeins um starfsreglur fyrir stjórn ÍBA sem hveðið er á um í lögum bandalagsins og hlutverk stjórnar. Ekki er talin ástæða til að vera í sérstakri útbreiðsluvinnu vegna mikils úrvals íþróttar og aukinnar þátttöku almennings. Nauðsynlegt telst að gera ÍBA meira sýnilegt í íþróttastarfinu og stjórn hvött til að mæta þegar viðburðir eru hjá aðildarfélögunum.

Þróstur sagði frá að vinna við mögulega vetrarleika/vinabæjamót væri enn í gangi.

Rætt var um að starf Afmælisnefndar Akureyrarbæjar væri ekki nógu kraftmikið gagnvart íþróttahreyfingunni.

Fundi var slitið kl. 18.20